




SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

UPPHAFSTÓNLEIKAR

13. SEPTEMBER 2012





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum á meðan tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Píanókoncert í G-dúr: 24'00"

Píanókoncert fyrir vinstri hönd: 21'00"

Fimmta sinfónía Tsjajkovskíjs: 45'00"

Flower Shower: 28'00"

Osborne áritar diska í seinna hléi fyrir framan Eldborg á 2. hæð.

BAKHJARLAR:



GAMMA

Áður en Eftirleikur hefst verður gert hlé. Ilan Volkov kynnir Flower Shower. Athygli tónleikagesta er vakin á því að sætaval er frjálst.

UPPHAFSTÓNLEIKAR

FIMMTUDAGURINN 13. SEPTEMBER 2012 » 19:30

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri
Steven Osborne einleikari

Maurice Ravel

Konsert í G-dúr fyrir píanó og hljómsveit (1929-1931)

Allegramente

Adagio assai

Presto

Maurice Ravel

Píanókonsert fyrir vinstri hönd í D-dúr (1929-1930)

Lento – Andante – Allegro – Tempo I

Hlé

—

Pjotr Tsjajkovskij

Sinfónía nr. 5 í e-moll, op. 64 (1888)

Andante – Allegro con anima

Andante cantabile, con alcuna licenza

Valse: Allegro moderato

Finale: Andante maestoso – Allegro vivace –

Moderato assai e molto maestoso

EFTIRLEIKUR » 22:00

Atli Heimir Sveinsson

Flower Shower (1974)

ILAN VOLKOV

hljómsveitarstjóri



Ilan Volkov, aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands (f. 1976), hóf tónlistarnám ungur að árum. Hann var ráðinn aðstoðarstjórnandi Northern Sinfonia á Englandi 19 ára gamall og árið 1997 tók hann við samskonar stöðu við hlið Seijis Ozawa hjá Sinfóníuhljómsveitinni í Boston. Hann var valinn aðalstjórnandi skosku BBC-hljómsveitarinnar árið 2003 og var þá yngsti stjórnandinn til að gegna slíkri stöðu við bresku útvarpshljómsveitirnar. Hann stýrði hljómsveitinni á Proms- og Edinborgarhátíðunum og lagði sig fram um að kynna nýja tónlist á meðan hann gegndi stöðunni, meðal annars nýjan sellókonsert eftir Unsuk Chin með einleikaranum Alban Gerhardt á Proms-hátíðinni 2009. Volkov lét af starfinu í Skotlandi árið 2009 og tók við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands í september 2011. Meðal þeirra hljómsveita sem hann stýrir reglulega eru Fílharmoníuhljómsveitirnar í Ísrael, München og Rotterdam, Orchestra of the Age of Enlightenment, Sinfóníuhljómsveitin í Birmingham, Orchestre de Paris og Þjóðarhljómsveitin í Washington. Volkov hefur einnig stjórnað fjölda ópera.

Ilan Volkov hljóðritar fyrir Hyperion-útgáfuna og hlaut Gramophone-verðlaunin 2009 fyrir hljóðritun sína af tónverkum Benjamins Britten fyrir píanó og hljómsveit en þar var Steven Osborne í einleikshlutverki.

STEVEN OSBORNE

einleikari



Skoski píanóleikarinn Steven Osborne (f. 1971) er einn af eftirsóttustu og virtustu tónlistarmönnum sinnar kynslóðar í Bretlandi. Osborne hefur getið sér framúrskarandi orðspor fyrir túlkun sína á klassískum og lítt þekktari verkum.

Að loknu námi við Royal Northern College of Music í Manchester árið 1991 vann Osborne til fyrstu verðlauna í Klöru-Haskil píanókeppninni sem varð til þess að vekja verðskuldaða athygli á hinum unga píanóleikara. Allar götur síðan hefur Osborne verið eftirsóttur einleikari og kammertónlistarmaður og hefur hann meðal annars unnið með öllum helstu hljómsveitum Bretlandseyja sem og á meginlandi Evrópu og í Bandaríkjunum. Osborne hefur unnið með hljómsveitarstjórum á borð við Christoph von Dohnanyi, Alan Gilbert, Vladimir Ashkenazy, Sir Charles Mackerras, Ludovic Morlot, Leif Segerstam, Andrew Litton, Ingo Metzmacher, Vladimir Jurowski og Jukka-Pekka Saraste.

Steven Osborne hljóðritar fyrir Hyperion útgáfufyrirtækið og hlaut upptaka hans með verkum Britzens fyrir píanó og hljómsveit hin virtu Gramophone-verðlaun en á þeirri upptöku heldur Ilan Volkov um tónsprotann.



MAURICE RAVEL

Konsert í G-dúr fyrir píanó og hljómsveit

Árið 1928 fór Maurice Ravel (1875-1937) í fjögurra mánaða tónleikaferð til Bandaríkjanna og hafði ferðin margvísleg áhrif á tónskáldið. Eitt af því sem hann upplifði í ferð sinni voru reykmettaðir djassklúbbar New York í fylgd George Gershwin. Glögg má greina innblástur sem hann varð fyrir í ferðinni í konsertinum fyrir píanó og hljómsveit í G-dúr en konsertinn vísar ríkulega í djassinn með öllum sínum bláu nótum. Ravel hófst handa árið 1929 við að semja konsertinn en gerði þó hlé á og samdi að beiðni Paul Wittgenstein píanókonsert fyrir vinstri hönd. Á þessum árum var Ravel orðinn heilsuveill en sköpunarkrafturinn ríkulegur og segja má að G-dúr konsertinn sé í raun síðasta meiriháttar tónsmíð hans.

Eftir fjörlegt upphaffyrsta þáttar hægist á og djassáhrifin leyna sér ekki. Ljóst má vera að Ravel þekkti vel til píanókonserts Gershwins og eins til Rhapsody in Blue, auk þess má einnig vel greina áhrif frá Stravinskij og Prokofiev. Hægi þátturinn er einn sá fallegasti sem úr penna Ravels kom, hæg og angurvær laglínan rennur ljúflega í blíðum valsi og hljóðfærin slást með í för, eitt af öðru. Fjörugur lokakaflinn er í anda fyrsta þáttar sem beinlínis iðar af fjöri. Áhrif Petrusku eru vel greinanleg í þessum þætti sem æðir áfram með píanóið fremst í flokki. Ravel sagði um þetta verk sitt í viðtali árið 1931, er verkið var enn í smíðum „... mér finnst að konsertar eigi ekki að taka sig of hátíðlega heldur að vera léttúðugir og glitrandi“ og hægt er að fullyrða að einmitt það hafi tónskáldinu tekist.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Alls hafa fjórtán píanóleikarar leikið píanókonsert Ravels í G-dúr og eru sex þeirra íslenskir: Halldór Haraldsson (1968 og 1982), Þorsteinn Gauti Sigurðsson (1979), Helga Bryndís Magnúsdóttir (1987), Sigrún Grendal (1992), Miklós Dalmay (1996) og Víkingur Heiðar Ólafsson (2005). Alicia de Larrocha, Pascal Rogé og Lisa de la Salle eru á meðal þeirra erlendu píanóleikara sem hafa leikið konsert Ravels í G-dúr með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Píanókoncert fyrir vinstri hönd í D-dúr

Þrátt fyrir að vera eitt helsta píanótónskáld 20. aldarinnar var það ekki fyrr en á seinni hluta ferils síns að Maurice Ravel tók að semja fyrir píanó og hljómsveit. Freistandi er að tengja Bandaríkjaferð tónskáldsins árið 1928 við þennan óvænta áhuga á píanókonserntum. Ravel hafði þegar hafist handa við að semja G-dúr konsertinn þegar austurríski píanóleikarinn Paul Wittgenstein pantaði píanókoncert hjá honum fyrir vinstri hönd. Wittgenstein hafði misst hægri handlegg í fyrri heimsstyrjöldinni en var ákveðinn í að láta það ekki stöðva sig og náði undraverðri tækni og færni með vinstri hönd. Hann var duglegur að panta verk frá tónskáldum og sömdu tónskáld á borð við Britten, Hindemith og Prokofiev verk fyrir vinstri hönd handa Wittgenstein, auk Ravel sem lagði G-dúr konsertinn til hliðar á meðan hann sinnti þöntuninni.

Báðir píanókonserter Ravels eru eins og áður sagði innblásnir af Bandaríkjaferð tónskáldsins árið 1928 en þeir eru engu að síður ólíkir að inntaki. Á meðan G-dúr konsertinn iðar af lífsgleði og fjöri er konsertinn fyrir vinstri hönd mun dekkri að yfirbragði. Konsertinn er í einum þætti sem þó má skipta niður í þrjá hluta. Píanóleikarinn Philippe Cassard sem lék konsertinn með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2001 lýsti konsertinum sem einskonar heimsendasýn í viðtali við Morgunblaðið. „*Eftir vill má túlka píanóið sem fulltrúa lífsins sem hljómsveitin brýtur á bak aftur í atburðarás verksins. Þetta er epískt hetjukvæði, harmleikur sem ristir djúpt. Í niðurlaginu tjáir píanóið einsemd mannsins og er það ekki síst undirstrikað með því að verkið er skrifað fyrir aðeins eina hönd.*“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Konsert fyrir vinstri hönd er nú leikinn í þriðja sinn af Sinfóníuhljómsveit Íslands. Áður hafa píanóleikararnir Pascal Rogé (1980) og Philippe Cassard (2001), leikið konsertinn með SÍ.



ÞJOTR TSJAJKOVSKÍJ

Sinfónía nr. 5 í e-moll, op. 64

Þjotr Tsjajkovskíj (1840-1893) var eitt örfárna tónskálda rómantíska tímabilsins sem samdi jöfnum höndum sinfóniur og óperur. Eftir að Tsjajkovskíj lauk við fjórðu sinfóníu sína árið 1877 lét hann verk þeirrar gerðar eiga sig að mestu í rúman áratug og einbeitti sér þess í stað að tónverkum af öðrum toga, einkum þó óperum og hljómsveitarsvítum. Ástæða þessa var að honum fannst sinfóníska formið, að minnsta kosti í eigin meðföllum, vera staðnað. Nýja sýn fékk hann þó á sinfónískar tónsmíðar eftir að hafa kynnt sér verk Franz Liszt en Liszt notaði gjarnan eitt leiðarstef sem birtist í einhverju formi, eins og rauður þráður eða „prógram“, í gegnum verkið. Þó svo að Tsjajkovskíj hafi ávallt neitað því að einhverskonar „prógram“ eða söguþráð væri að finna í fimmtu sinfóníu sinni notar hann örlagastef sem birtist í öllum þáttum verksins og hafa leikir og lærðir sett fram kenningar um „boðskap“ tónskáldsins í verkinu.

Sinfónían er í fjórum þáttum og hefst fyrsti kaflinn á umræddu örlagastefi sem er fyrst um sinn í hægu tempói, melankólískt og dimmt áferðar. Að því loknu eru kynnt tvö aðalstef kaflans þar sem klarinett leiðir hið fyrra en strengir undurfagurt síðara stefið. Örlagastefið birtist okkur undir lok kaflans, kraftmikið í fyrstu en fjarar hægt út í tómið.

Annar kaflinn hefst á einhverri fallegustu laglínu tónbókmenntanna, leikinni af einleikshorni. Laglínan verður smám saman að fallegum dúett horns og óbós uns sellóin taka við og Tsjajkovskíj vinnur áfram með laglínuna um stund uns framvindan er stöðvuð af örlagastefinu sem beinlínis ryðst fram á völlinn og riðlar öllu. Hljómsveitin nær þó áttum á ný en enn brýst örlagastefið fram og gerir út af við framvindu kaflans sem bíður þess eins að líða undir lok.


TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Fimmta sinfónía Tsjajkovskíjs hefur sextán sinnum hljómað í meðföllum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og meðal þeirra hljómsveitarstjóra sem verkinu hafa stjórnað eru Hermann Hildebrandt (1953), Vladimir Ashkenazy (1973), Jean-Pierre Jacquillat (1981), Paavo Järvi (1993), Osmo Vänskä (1994), Stefan Solyom (2003), Rumon Gamba (2009) og Christian Lindberg (2011).

Þriðji kaflinn er óvanalegur fyrir þær sakir að Tsjajkovskíj býður upp í fallegan vals, þvert á hefðir og venjur en samkvæmt þeim er þriðji kafli sínfóníu iðulega menúett eða fjörlegt scherzó. Undir sléttu og felldu yfirbragði kaflans kraumar einhver spenna og örlagastefið brýst fram þegar minnst varir.

Í lokabætti verksins heyrir örlagastefið í upphafi kaflans en nú í dúr en ekki moll og hefur því yfir sér bjartara yfirbragð en fyrr. Líkt og í fyrsta kaflanum er örlagastefið inngangur að tveimur aðalstefjum þáttarins. Þegar hápunkti er náð birtist örlagastefið enn á ný og leiðir okkur út kaflann bjart og gáskafullt.

EFTIRLEIKUR



TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Tónverkið *Flower Shower* eftir Atla Heimi Sveinsson var frumflutt í Svíþjóð af Sinfóníuhljómsveitinni í Norrköping. Verkið hljómar nú í fimmta sinn með Sinfóníuhljómsveit Íslands en verkið var flutt árið undir stjórn Páls P. Pálssonar (1974), á Listahátíð Reykjavíkur undir stjórn Poul Douglas Freeman (1976), undir stjórn Páls P. Pálssonar (1977) og síðast árið 1998 en þá hélt Stephen L. Mosko um sprotann.

ATLI HEIMIR SVEINSSON

Flower Shower

Tónverkið *Flower Shower* samdi Atli Heimir Sveinsson (1938) að beiðni Sinfóníuhljómsveitarinnar í Norrköping. Verkið var frumflutt í apríl árið 1974 undir stjórn Páls P. Pálssonar. Íslenskir tónleikagestir þurftu ekki að bíða lengi eftir því að fá að heyra verkið flutt því Sinfóníuhljómsveit Íslands lék verkið í desember sama ár en alls hefur hljómsveitin flutt það fjórum sinnum.

Tónskáldið hefur sagt *Flower Shower* vera síðasta hlutann í stærra samhengi þriggja verka: Könnun frá árinu 1971, Flautukonsert sem frumfluttur var árið 1973 og svo *Flower Shower*.

Sjálfur lýsir Atli Heimir verki sínu í tónleikaskrá frá árinu 1974 á eftirfarandi máta:

„*Flower Shower* merkir blómabað. Hljómsveitinni er skipt upp í sjö hópa, sem gætu setið á mismunandi stöðum á sviðinu og meðal áhorfenda, og auk þess er tónband með. Ætlun mín var að gera tónlist handan þekktra hugtaka um form, laglínu, riþma, lit, þróun og andstæður, - tónlist sem hvorki væri fjölbreytt né einhæf. Það er kannski stundum vænlegra að losa sig við hugtök og hluti en bæta þeim við sig. Það sem mér fannst koma út var eins konar skýrsla um draum sem dreymdur var í algjöru tímaleysi, kannski milli svefnis og vöku. Eða sálarástand, sem breytist án orsaka, - án þess að maður taki alltaf eftir því.“

Helgi Jónsson

ÆÐRIR EFTIRLEIKIR Á DAGSKRÁNNI Í VETUR:

Coptic Light 20.09.12 » 22:00

Et exspecto resurrectionem mortuorum 08.11.12 » 22:00

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

13. september 2012

1. FÍÐLA

Nicola Lolli
Sif Margrét Tulinius
Ari Þór Vilhjálmsson
Zbigniew Dubik
Martin Frewer
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Andrzej Kleina
Lin Wei
Bryndís Pálsdóttir
Rut Ingólfssdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. FÍÐLA

Una Sveinbjarnardóttir
Christian Diethard
Gunnhildur Daðadóttir
Mark Reedman
Þórdís Stross
Greta Guðnadóttir
Sígurlaug Eðvaldsdóttir
Pálína Árnadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Kristján Matthíasson

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Helga Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Þórarinn Már Baldursson
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Lovisa Fjeldsted
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Eydis Franzdóttir

KLARINETT

Einar Jóhannesson
Ármann Helgason
Sigurður I. Snorrason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjánn Ingason
Darri Mikaelsson
Rúnar Vilbergsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
David Bobroff

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Elísabet Waage

PÍANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson

TÓNLEIKAKYNNINGAR MEÐ NÝJU SNIÐI

Í Hörpuhorni á 2. hæð fyrir framan Eldborg

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands, í samvinnu við Sinfóníuhljómsveitina, býður upp á tólf tónleikakynningar í Hörpuhorni á starfsárinu. Hörpuhornið opnar á tónleikadegi kl. 18:00 og gefst gestum tækifæri til að sitja í fallegu umhverfi og kaupa súpu, brauð og kaffi. Sjálf kynningin hefst kl. 18:20 og stendur í hálf tíma. Kynningarnar eru áhugasömum að kostnaðarlausu. Tónleikakynningar í gulri og rauðri röð eru í umsjá Helga Jónssonar tónlistarfræðings en tónleikakynningar í grænni röð eru í umsjá Hjördísar Ástráðsdóttur, fræðslustjóra Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Gula röðin - kynningar

Austurrískir tónjöfrar Fim. 20.09.12

Pohjonen spilar Mozart Fim. 15.11.12

Haydn, Mozart og Grieg Fös. 18.01.13

Skoska sínfónían og Wagner Fös. 05.04.13

Rauða röðin - kynningar

Upphafstónleikar Fim. 13.09.12

Þýskir snillingar Fim. 11.10.12

Mahler og Bernstein Fim. 24.01.13

Vorblót Fim. 11.04.13

Græna röðin - kynningar

Fröst snýr aftur Fim. 04.10.12

Víkingur spilar Keisarakonsertinn

Fim. 08.11.12

Draumórasínfónían Fim. 14.03.13

Mendelssohn og Tsjajkovskíj Fim. 16.05.13